

Heimanámsstefna Stóru-Vogaskóla

Þegar tekin er ákvörðun um heimanám barna þarf að hafa ýmsa þætti í huga. Í aðalnámskrá grunnskóla segir m.a.:
Leggja skal áherslu á að foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna.

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og eiga að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara þeirra og eiga að greina skólanum frá þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun. Foreldrar fá jafnframt tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, svo og í skólastarfinu almennt. Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og að heimili og skóli sé vettvangur menntunar.

Foreldrar skulu eiga kost á að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Það er skylda foreldra að veita grunnskóla upplýsingar um barnið sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð þess. Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásátt um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna.

Markmið með heimanámi er:

- Nemendur rifji upp, ígrundi og þjálfí það sem þau hafa lært í skólanum
- Að auka sjálfstæði nemenda og ábyrgð á eigin námi
- Að þjálfa skipulagsfærni
- Að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt í og fylgjast með námi barna sinna

Lestur er undirstaða alls náms og því er heimalestur afar mikilvægur og á að vera skemmtilegur.

Til að ná góðum árangri í lestri er mjög mikilvægt að barnið lesi upphátt heima alla virka daga (raddlestur). Við upphaf lestrarnáms er góð regla að lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti þrisvar sinnum. Slík þjálfun gefur barninu aukna færni í lestri orðmynda, auk þess sem lesturinn verður oftast þjálli þegar sami texti er lesinn í þriðja sinn. Þegar nemandi nær að lesa 50 atkvæði á mínútu nægir að lesa tvisvar sinnum. Lesið er í áheyrn fullorðins og kvittað er fyrir áheyrn í þar til gerð kvittanahefti. Áhersla er lögð á að nemendur fái efni við hæfi svo að lesturinn verði sem ánægjulegastur.

Foreldrar eru hvattir til að lesa áfram upphátt fyrir börn sín, jafnvel þó þau séu sjálf farin að lesa. Flest börn ráða einungis við mjög léttan texta í byrjun, en gott er að þyngja textann, í hófi þó, eftir því sem færnin eykst. **Lestur foreldra og umfjöllun um textann, eykur orðaforða barnanna og bætir málþroska, en góður málþroski er einmitt einn af grunnþáttum alls náms.**

Vikuáætlanir í 1. - 6. bekk eru sendar heim og/eða settar inn á mentor. Á vikuáætlunum kemur fram áætluð heimavinna nemenda, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Nemendur í 7. – 10. bekk geta séð heimavinnuna á mentor.

Heimanám veturinn 2017-2018

- Heimanám nemenda í 1.-10. bekk hefst mánudaginn 28. ágúst, heimalestur byrjar strax
- Frá og með 18. desember verður ekkert heimanám hjá 1.-10. bekk, að undanskildum heimalestri
- Heimanám í 1.-10. bekk hefst á ný eftir jólafrí þann 3. janúar
- Heimanám fellur niður alla þemadaga að undanskildum heimalestri
- Heimanám fellur niður í vetrar-, páska- og jólafríum að undanskildum heimalestri
- Frá og með 19. mars fellur niður heimanám og hefst aftur eftir páska þann 3. apríl.
- Heimnámi lýkur 1. júní

Áætlaður tími sem fer í heimanám

Það fer eftir aldri hve nemendur geta einbeitt sér lengi í einu og einnig er það einstaklingsbundið. Ef foreldrum/forráðamönnum finnst fara óeðlilega mikill tími í heimanám þá er mjög mikilvægt að ræða málin strax við kennara og leita lausna.

Æskilegt er að heimavinna taki ekki lengri tíma en eftirfarandi viðmið segja til um

- 1. bekkur sinnir einungis heimalestri
- 2. bekkur 10 – 15 mínútur að meðaltali á dag, 5 daga vikunnar
- 3. – 4. bekkur 15 – 20 mínútur að meðaltali á dag, 5 daga vikunnar
- 5. – 6. bekkur 20 – 40 mínútur að meðaltali á dag, 5 daga vikunnar
- 7. bekkur 40 – 50 mínútur að meðaltali á dag, 5 daga vikunnar
- 8. – 10 bekkur 6 -8 klukkustundir að meðaltali á viku

Athugið að til viðbótar þessum tíma er heimalestur, bæði í lestrarbókum og frjálslestrarbókum.

Hlutverk kennara, nemenda og foreldra

Kennarar

- setja fyrir og hafa eftirlit með heimavinnu

Nemendur

- ljúka við heimavinnuna á tilsettum tíma
- leggja sig jafnvel fram við heimavinnu og aðra skólavinnu hvað varðar frágang og viðleitni

Foreldrar/forráðamenn

- hjálpa barni sínu við að ljúka við vinnu sína á réttum tíma
- hjálpa barninu til að áætla tíma til heimavinnu
- styðja við bakið á barni sínu og hvetja það áfram við skólanámið
- láta kennarann vita ef barnið hefur ekki náð að ljúka við heimavinnuna á réttum tíma
- láta kennarann vita ef heimavinnan er ekki við hæfi nemenda (t.d. of létt eða erfið)

Nokkur atriði til viðbótar sem gott er að hafa í huga

Friður og ró

- Yngri nemendum (reyndar líka mörgum sem eldri eru) finnst gott að vera í nálægð við einhvern fullorðinn við námið
- Námið hefur forgang

Ekki of seint á kvöldin

- Best er að taka frá fastan tíma til að sinna heimanámi

Æfingin skapar meistarann

- Einn tilgangurinn með heimanámi er að endurtaka efni sem þegar hefur verið farið í, það er að þjálfa betur ákveðin atriði

Talaðu jákvætt um heimanámið

- Mikilvægt er að líta heimanámið jákvæðum augum því jákvætt hugarfar auðveldar flest verk

Forðast ber samanburð við systkini eða aðra

- Mjög mikilvægt er að virða hvern og einn eins og hann er. Jákvæð hvatning hjálpar en of mikil pressa getur skaðað

Meðal annars var stuðst við bækling um heimanám sem gefinn var út af *Heimili og skóla* (2006)

Skólinn er með heimanámsaðstoð fyrir 2.-4. bekk mánudaga-fimmtudaga í skólanum. Sótt er um heimanám hjá Sveitafélaginu Vogum inn á vogar.is inn á íbúagátt. Kostnaður foreldra er samkvæmt [gjaldskrá](#) sveitafélagsins hverju sinni.

Ef nemendur eru í Frístund er heimanám innifalið og því sinnt þar.

Skólinn býður 5.-10. bekk upp á aðstöðu til heimanáms utan stundaskrár á bókasafni skólans alla skóladaga samkvæmt opnunartíma safnsins.